

**Heildstætt verkefni: Glæpur við fæðingu****Tímabil: Skólaárið 2024-2025****Námsmarkmið sem unnið verður með:**

Í þessu verkefni lesa nemendur bókina Glæpur við fæðingu. Bókin fjallar um aðskilnaðarstefnuna í Suður -Afríku út frá sjónarhóli Trevors Nova sem er af blönduðum kynþætti og þær áskoranir sem því fylgja. Bókin tekur á mörgum ólíkum ádeiluefnum sem bjóða upp á krefjandi umræður og verkefni um það hvernig er að alast upp og búa í slíku samfélagi. Auk þess voru fléttuð inn ýmiskonar verkefni tengd tungumálum og samfélagsgreinum. Megin áhersla er lögð á umræður og ritanir og þannig þjálfist nemendur í að færa rök fyrir máli sínu í ræðu og riti.

Verkefni:

- ✓ Lestur og hlustun á sögunni
- ✓ Ýmis umræðuverkefni tengd efni, umhverfi og persónum sögunnar
- ✓ Skrifleg verkefni tengd efni, umhverfi og persónum sögunnar
- ✓ Heimildaritgerð
- ✓ Verkefni tengd vinna bæði í ensku og dönsku þar sem rauði þráðurinn tengist viðfangsefnum bókarinnar
- ✓ Áhorf
- ✓ Lokaverkefni – Hlaðvarp um viðfangsefni verkefnisins

Námsefni/kennslugögn:

- ✓ Bókin Glæpur við fæðingu
- ✓ Um víða veröld heimsálfur – Afríka
- ✓ Frelsi og velferð
- ✓ Spotlight 10 – South Africa
- ✓ Ýmsir textar og spurningar sem tengjast viðfangsefninu
- ✓ Ekko – Kriminalitet
- ✓ Glæpaþættir – Kastanjemanden
- ✓ The Help (kvikmynd – kveikja)
- ✓ Colin in black and white (þættir)
- ✓ Amistad (kvikmynd – kveikja)

Námsmat

Metið verður út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár í íslensku, samfélagsgreinum, ensku og dönsku út frá þeim verkefnum sem unnin eru. Leitast verður við að beita fjölbreyttum námsmatsaðferðum sem hæfa hverju verkefni. Um er að ræða m.a. símat, sjálfsmat og kennaramat með hjálp námsmatskvarða.